

Ed.

410. Frumvarp til laga

um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka eignarnámi ríkinu til handa eftirtaldar landeignir í Ölfusi:

1. Það af landi jarðarinnar Vorsabæjar, sem ekki er eign ríkisins, með eftirgreindum landamerkjum: Að austan takmarkast landið af Varmá, að sunnan af landamerkjum Vorsabæjar, frá Varmá um fornu Vorsabæjarrúst, sjónhend-
ing yfir Breiðutorfu og þaðan í Neðrasnið við Hengladalsá, að vestan landa-
merki Reykjakots að Varmá, en eftir það ræður Varmá mörkum fyrir landinu
að norðan.
2. Landblett Gísla Björnssonar, svonefnt Ekrubarð, báðum megin við þjóðveginn
ofan við efri brúna á Varmá.

2. gr.

Takist ekki samkomulag við núverandi ábúanda Vorsabæjar um afnotamissi
á því landi, sem væntanlegur skipulagsupphráttur nær yfir, er ríkisstjórninni heimilt
að taka afnotarétt ábúandans á því landi eignarnámi.

3. gr.

Um framkvæmd eignarnáms samkv. 1. og 2. gr. skal farið eftir ákvæðum laga
nr. 61 14. nóv. 1917.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.